



## TVÆR VIKUR Í LISTAHÁTIÐ

Listahátíð í Reykjavík hefst eftir tvær vikur, föstudaginn 20. maí. Undirbúningur er nú á lokastigi fyrir viðamikla og fjölbreytta dagskrá hátíðarinnar og í vikunni var dagskrárbæklingi hátíðarinnar dreift víða um borgina, meðal annars á kaffihús, bókasófn, verslanir og vinnustaði. Miðasala er í fullum gangi og nú þegar er orðið uppselt á nokkra viðburði, svo við hvetjum fólk til að biðja ekki of lengi með að ná sér í miða.

Hægt er að skoða alla dagskrána og kaupa sér miða á vefnum okkar [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is).

Við bjóðum þeim sem óska að fá bæklinginn sendan til sín í pósti. Hringið í okkur í síma 561-2444 eða sendið okkur nafn og heimilisfang á [midasala@artfest.is](mailto:midasala@artfest.is).

